

**Sp.**

**41. Fyrirspurnir.**

[38. mál]

I. Til samgönguráðherra um brú yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Frá Þór Vigfússyni.

Hvað líður undirbúningi að smíði brúar yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi?

Hver er nú talinn kostnaður við smíði þeirrar brúar?

Hefur hæstvirtur samgönguráðherra í hyggju að beita sér fyrir því, að Óseyrarnesbrúin verði tekin inn á vegáætlun, næst þegar hún verður afgreidd á Alþingi?

II. Til fjármálaráðherra um söluskatt af framflutningsgjöldum.

Frá Vilhjálmi Sigurbjörnssyni.

Hefur ráðherra látið kanna möguleika á því að fella framflutningsgjöld undan álagningu söluskatts, þannig að sú hækkun vöruverðs til neytenda, sem verður vegna strandflutninga og af öðrum flutningskostnaði innanlands, verði undanþegin álagningu söluskatts?

III. Til samgönguráðherra um störf flutningskostnaðarnefndar.

Frá Vilhjálmi Sigurbjörnssyni.

1. Hvað líður störfum millipinganefndar, sem kjörin var í samræmi við þingsályktun frá 10. apríl 1973 um stofnun verðjöfnunarsjóðs vöruflutninga og bætt skipulag á þeim flutningum?
2. Hvenær má vænta álitsgerðar nefndarinnar?

IV. Til heilbrigðisráðherra um vistunarrými fyrir langlegusjúklinga.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hve mörg sjúkrarúm vantar til þess að fullnægja þörf langlegusjúklinga?
2. Má vænta úrbóta á næstunni?